

**Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.****1. gr.  
Heimild**

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjöld skv. 2.-4. gr. taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í upphafi hvers árs.

**2. gr.  
Sorphirðugjald**

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni.

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	16.400 kr.	5.500 kr.	5.500 kr.	5.500 kr.
660 l ílát	49.100 kr.	16.400 kr.	16.400 kr.	
140 l ílát	9.600 kr.			3.200 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er kr. **27.400** og inniheldur 240l blátunnu, 240l grátunnu, 240l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

**3. gr.  
Sorpeyðingargjald**

Innheimta skal sorpeyðingargjald kr. **29.500** af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda-, og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

**4. gr.  
Gjaldtaka á móttökustöð**

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er.

Úrgangstegund	kr. kg. m. vsk	Gjaldskyldir
Almennur heimilisúrgangur (grátunna)	58	Fyrirtæki/einstakl.
Grófur og blandaður úrgangur óflokkaður	75	Fyrirtæki/einstakl.
Harðplast og annað óflokkað plast – án úrvinnslugj.	75	Fyrirtæki/einstakl.
Harðplast með úrvinnslugjaldi (s.s brúsar, fötur)		
Heimilisplast	30	Fyrirtæki
Blandaður pappír/pappi	22	Fyrirtæki

Bylgjupappír	0	
Timbur hreint	12	Fyrirtæki/einstakl.
Timbur litað	24	Fyrirtæki/einstakl.
Garðaúrgangur, trjábólir, greinar og jarðvegur	6	Fyrirtæki
Óvirkur úrgangur (gler, flísar, postulín o.fl.)	12	Fyrirtæki/einstakl.
Sláturúrgangur	35	Fyrirtæki/einstakl.
Lífrænn heimilisúrgangur	27	Fyrirtæki
Heyrúlluplast, áburðarpokar – hreint	0	
Hjólbarðar	0	
Málmar	0	
Spilliefni, raftæki	0	
Heimsendur gámur, flokkaður – 35.000 kr.		Einstakl.
Komugjald fyrir losun án klippikorts á gjaldskyldum úrgangi - 500 kr.		Fyrirtæki/einstakl.

Heimilt að leggja á lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) kr. 1.200 m<sup>3</sup>

Heimilt er að innheimta útlagðan förgunarkostnað sem hlýst af móttöku spilliefna.

Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd innihaldsins. Heimsendir gámar eru einungis fyrir íbúa í Rangárvallasýslu.

Klippikort með 5 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi er í boði fyrir þá sem greiða sorpeyðingargjald.

#### 5. gr.

#### Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. þann 21.11.2022 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 990/2021

Strönd, 21.11.2022



Eggert Valur Guðmundsson,

Formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.